


Kjarvalsstaðir: Norræn vefjarlist í öllu húsinu




Farandsýningu norræna veflistarmanna lýkur um þessa helgi. Henni var hleypt af stokkunum í Moss í Noregi þann 8. júní 1985 í 4. sinn og lýkur í Svíþjóð á næsta ári eftir viðkomu á öllum hinum Norðurlöndunum. Margir velþekktir listamenn eru meðal þeirra sem sýna. Þar má sjá margar nýjungar í meðferð efnis og forms.

Þórdísi Sigurðardóttur frá Sámsstöðum hefur verið boðið að sýna eitt verk sem sérstakur gestur sýningarinnar hér. Það kallar hún Appelsínugulan morgunn. Það er umhverfisverk sem komið hefur verið upp sunnan við húsið.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 14.00–22.00 og lýkur á sunnudaginn.

• Listaverk eftir Guðrúnu Marinósdóttur.



• Meyvant Þórólfsson með eitt verka sinna á sýningunni við hliðina á Eðen í Hveragerði.

Einkasýning í Hveragerði

Á morgun, laugardaginn 24. ágúst, opnar Meyvant Þórólfsson myndlistarsýningu í félagsheimili Ölfusíngar við hliðina á Eðen í Hveragerði. Þetta er fyrsta einkasýning Meyvants. Á henni

eru 50 pastelmyndir. Fyrirmyndir eru flestar sóttar í íslenska náttúru. Sýningin stendur til 1. september og er opið alla dagana frá klukkan 14 til 22.



• Það bregður fyrir hauslausum mönnum í myndum Sigurlaugar. Hann segir sjálfur að það sé hin algæra afhausun mannskepnunnar sem ógnin stendur af.

Listasafn alþýðu:

Sigurlaugur Elíasson sýnir

Sigurlaugur Elíasson sýnir málverk og grafík í Listasafni alþýðu, Grensásvegi 16. Sýningin er opin kl. 14–22 um helgar og 16–20 virka daga.

Sigurlaugur er fæddur 1957 og lauk námi frá málunardeild Myndlista- og handíbaskóla Íslands 1983. Sýningunni lýkur 1. september.

Gallerí íslensk list, Vesturgötu:

Sýning 17 listamanna

Nú stendur yfir í Gallerí Íslensk list við Vesturgötu í Reykjavík sýning sautján íslenskra listamanna. Allir eru þeir ungir að árum og hafa flestir nýlega lokið námi við hina ýmsu listaskóla. Á sýningunni eru fjörutíu verk unnin í ýmis efni. Þetta er sölusýning sem er opin dag-

lega frá kl. 9–17 en lokað um helgar. Hún mun standa yfir til 20. september. Mikil gróska virðist vera í þessu nýja gallerí sem var opnað í vor. Því er aðallega ætlað að styðja við bakið á ungu listamönnum sem eiga kannski erfiðara með að fá inni í hinum eldri listgalleríum.

Hvað er á seyði um helgina?



Sýning á Café Gesti

Sunnudaginn 25/8 verður opnað málverkasýning Omars Stefánssonar á Café Gesti með gerningnum „allt sem börnum er bannað“, kl. 21 e.h. Verður hann fluttur af höfundum, þeim Þorra Jóhannssyni og Omari. Á sýningunni verða einnig kynntar tvær bækur, önnur eftir Omar eingöngu en hin unnin í samvinnu við Björn Roth. Sýningin verður opin í tvær vikur og eru allir velkomnir.



23 hundar elta rautt haf!

Það er ekki tilviljun að hundadögum 1júki 23. ágúst, sama dag og Þór Eldon sendir frá sér sína þriðju bók, 23 hundar. (Þór er 23 ára!!!) Í bókinni eru 11 ljóð og 5 myndir eftir Margræti Örnólfsdóttur. (Hún er 17 ára!!!) Þetta mun allt verða opinberað í Djúpinu undir Horninu föstudagskvöldið 23ja, því þá ætla Þór Eldon að lesa úr bók sinni og árita hana. 23 hundar er ánægjulegt framtak ungs manns á ári hundsins. Það er Medúsa, sem hefur um 6 ára skeið gefið út u.þ.b. 20 bækur (allar fallega prentaðar á góðan pappír) við góðar undirtektir. Mikil ánægja að kynna þessa góðu bók. Meðfylgjandi mynd gerði J. Triumph af skáldinu í Berlín í vor.

Sýning í Prastarlundi.

Sigríður Gyða sýnir 25 vatnslitamyndir og oliuverk í Prastarlundi. Sýningin stendur fram í miðjan september og er opin daglega á sama tíma og veitingabúðin.



Þeysa af pabba, buxur af Palla, treyja af Stínu og handklæðið hennar mömmu. Allt þonar þetta á snúrunni í Bolungarvík enda sólin hlý í ágúst.

Láttu þig ekki vanta!

* Hljómveitín Hafrot sér um fjörið

— fjörið er í á föstudags- og laugardagskvöldum

* Dansó-tak á neðri hæðinni.

* Opló frá kl. 22 til 3.

Pórs café